

EFTIRLITSSKÝRSLA

Fiskeldi Austfjarða hf. Þorlákshöfn



Dags eftirlits	17.10.2023	Ábyrgðarmaður eftirlits	Freyr Ævarsson
Fyrirtæki	Fiskeldi Austfjarða hf.	Eftirlitsmaður	Freyr Ævarsson
Heimili	Laxabraut 9 - 11	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5204120930	Flokkur	Fiskeldi
Fulltrúi fyrirtækis	Eva Lind Guðmundsdóttir	ÍSAT nr.	03.21.0
Fulltrúi fyrirtækis	Sindri Freyr Jónsson	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávík komu fram í eftirlitinu: 1) Fullnægjandi umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var skilað eftir að frestur til þess rann út. 2) Ársyfirliti var skilað eftir að frestur til þess rann út. 3) Útstreymisbókhaldi var skilað eftir að frestur til þess rann út. Sex ábendingar voru gerðar: 1) Tryggja þarf að allar upplýsingar sem tilgreindar eru í starfsleyfi fylgi ársyfirliti. 2) Skila skal útstreymisbókhaldi sérstaklega, ekki sameiginlega með öðrum skýrslum. 3) Huga þarf að nákvæmni mælinga á efnainnihaldi frárennslisvatns. 4) Tryggt þarf að vera að stöðin sé ávallt með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda. 5) Öryggisblöð skulu vera tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð. 6) Huga þarf betur að lekavörnum í efnageymslu. Ekkert eldra frávík var opið þegar eftirlitið fór fram.

UMFANG EFTIRLITS

Í samræmi við ákvæði 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit var farið í vettvangsheimsókn í fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða, Þorlákshöfn.

Fiskeldi Austfjarða, Þorlákshöfn er með starfsleyfi sem var gefið út af Umhverfisstofnun þann 4. nóvember 2021 og tekur til eldis með allt að 2.500 tonna hámarkslífmassa á hverjum tíma. Hámarkslífmassi árið 2022 var innan við 1.000 tonn.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða
- Kynning á fylgiskjöllum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti

Tvær ábendingar voru gerðar í eftirliti árið 2022. Önnur snéri að uppfærslu á áætlunum og hin að því að þrýstimæla þyrfti niðurgrafna olíulögn. Endurskoðuð áætlun um meðhöndlun úrgangs hefur borist eftirlitsaðila. Ein niðurgrafið olíulögn er á lóð rekstraraðila og var hún þrýstiprófuð þegar hún var lögð árið 2020. Þrýstiprófa þarf niðurgrafnar olíulagnir á fimm ára fresti og er því ekki krafa um að hún verði þrýstiprófuð fyrr en árið 2025.

- Skil á gögnum og niðurstöðum mælinga skv. starfsleyfi

Fullnægjandi umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var skilað eftir að frestur til þess rann út.

Ársyfirliti var skilað eftir að frestur til þess rann út. Rekstraraðila er bent á að tryggja að upplýsingar um öll þau atriði sem tilgreind eru í starfsleyfi, fylgi ársyfirlitinu.

Rekstraraðila ber að skila útstreymisbókhaldi þar sem árleg framleiðslugeta stöðvarinnar er yfir 1.000 tonn. Rekstraraðili skal skila útstreymisbókhaldi sérstaklega (ekki sameiginlega með öðrum skýrslum) og nota form sem hann hefur fengið sent. Vegna fyrri samskipta rekstraraðila og Umhverfisstofnunar og þar sem þær upplýsingar sem rekstraraðili skal skila í útstreymisbókhaldi koma fram í grænu bókhaldi, er að þessu sinni litið á skilin sem fullnægjandi. Frávík er þó skráð þar sem útstreymisbókhaldi var skilað eftir að frestur til þess rann út.

Mælingum á efnainnihaldi vatns við inntak og í útrás frárennslis var skilað í samræmi við kröfur í starfsleyfi. Rekstraraðila er bent á að huga að nákvæmni mælinga á styrk fosfórs og senda eftirlitsaðila útreikninga á losun fosfórs. Árleg heimil losun á fosfór frá stöðinni er 10 kg/frameitt tonn. Samkvæmt útreikningum var losun stöðvarinnar 7,1 kg/frameitt tonn árið 2022.

Trygging rekstraraðila vegna bráðamengunar hafs og stranda, gildir fyrir fleiri vátryggingaratburði og einnig fyrir fleiri stöðvar rekstraraðila. Atburðir í öðrum stöðvum geta því orðið til þess að fiskeldisstöð Fiskeldis Austfjarða í Þorlákshöfn, sé ótryggð ef óhöpp verða þar. Öruggt þarf að vera að stöðin sé alltaf með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.

3. Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða

Farið var yfir áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlits skv. 57. gr. reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit.

Smávægilegar breytingar voru gerðar á áhættumatinu frá síðasta eftirliti, en þær breyta ekki niðurstöðu matsins.

4. Kynningar á fylgiskjölum

Kynning á gagnagrunni um mengaðan jarðveg, kynning á nýrri gjaldskrá UST og kynning á breyttu fyrirkomulagi á boðun eftirlits, sem fylgdu fundarboðinu, voru ræddar.

5. Önnur mál

Í samræmi við umsókn Fiskeldis Austfjarða hf. og Laxa eignarhaldsfélags ehf., dags. 20. september sl., var þann 5. október sl. tilkynnt sú ákvörðun Umhverfisstofnunar að færa starfsleyfið sem áður var hjá Löxum eignarhaldsfélagi ehf. yfir á Fiskeldi Austfjarða hf.

6. Skoðunarferð

Gengið var um húsnæði og lóð rekstraraðila. Enginn fiskur var í stöðinni þegar eftirlitið fór fram en þá var gert ráð fyrir að taka fisk inn í stöðina að nokkrum vikum liðnum. Öryggisblöð voru til staðar í stöðinni en rekstraraðila er bent á að öryggisblöð skulu vera tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð. Rekstraraðili áformar að gera endurbætur á lekavörnum í efnageymslu og verða þær teknar út í næsta eftirliti.

Frávik frá	Lýsing á fráviki
gr. 4.5 í starfsleyfi.	Umhverfisupplýsingum (grænu bókhaldi) var skilað eftir að frestur til þess rann út.
gr. 4.4 í starfsleyfi.	Ársfirliti var skilað eftir að frestur til þess rann út.
2. mgr. laga nr. 990/2008 um útstreymisbókhald.	Útstreymisbókhaldi var skilað eftir að frestur til þess rann út.

ÁBENDINGAR


Sex ábendingar voru gerðar í eftirlitinu:

- 1) Tryggja þarf að allar upplýsingar sem tilgreindar eru í starfsleyfi, fylgi ársyfirliti.
- 2) Skila skal útstreymisbókhalda sérstaklega, ekki sameiginlega með öðrum skýrslum.
- 3) Huga þarf að nákvæmni mælinga á efnainnihaldi frárennslisvatns.
- 4) Tryggt þarf að vera að stöðin sé ávallt með gilda tryggingu vegna bráðamengunar hafs og stranda.
- 5) Öryggisblöð skulu vera tiltæk alls staðar þar sem efni eru annað hvort geymd eða notuð.
- 6) Huga þarf betur að lekavörnum í efnageymslu, en rekstraraðili áformar að gera endurbætur á lekavörnum og verða þær teknar út í næsta eftirliti.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 15.12.2023


Freyr A. Evarsson

